

Sigurður H Valtýsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Iðndal 2
190 Vogar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. maí 2011
Tilvísun: UST20110200027/ksj

Tillaga að deiliskipulagi golfvallar við Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd

Við er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Voga er barst 7. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um drög að tillögu að deiliskipulagi við Kálfatjörn í Vogum. Markmið deiliskipulagsins er að móta umgjörð um golfvallarstarfsemi Golfklúbbs Vatnsleysustrandar.

Golfklúbbur Vatnsleysustrandar er með 49,3 ha landssvæði fyrir starfsemi sína sem er 9 holu golfvöllur auk æfingasvæðis og klúbbhúss. Inn á þessu svæði er skilgreint svæði Kálfatjarnarkirkju og hús Vatnsleysustrandar og annars húss alls 16.437,8 m².

Landssvæði núverandi golfvallar afmarkast af Vatnsleysustrandarvegi í suðaustri, landamörkum Þórustaða og Kálfatjarnar í suðvestri, strandlengjunni í norðvestri og landamörkum lands Kálfatjarnar að Bakka og Litlabæjar í norðaustri. Aðkoma er um Vatnsleysustrandarveg.

Til stendur að stækka golfvöllinn í 18 holur og nota til þess um 39,1 ha land, sem er landssvæði sunnan við Vatnsleysustrandarveg, í beinu framhaldi af núverandi golfvallarsvæði. Þar er gert ráð fyrir að verði byggður golfskáli og hótél, og einnig er gert ráð fyrir áhaldahúsi og skýli á svæðið norðan Vatnsleysustrandarvegar. Gert er ráð fyrir tengingu milli svæðanna um undirgöng undir Vatnsleysustrandarveg.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi við Kálfatjörn í Vogum.

Náttúruminjar

Núverandi golfvöllur golfklúbbs Vatnsleysustrandar Kálfatjörn er ein af tjörnum á Vatnsleysuströnd sem er á náttúruminjakrá. Eins og segir í skránni: „*Tjarnir á Vatnsleysuströnd, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu. Síkistjörn, Vogatjörn, Mýrarhústjörn, Gráhella, tjarnir við Hlödunes, Ásláksstaðatjörn, Sjónarhólstjörn, Knarrarnestjörn, Landakotstjörn, Kálfatjarnartjörn og Bakkatjörn, ásamt nánasta umhverfi.*

Lífrikar tjarnir með fjölbreyttu fuglalífi.“


Nýtt svæði sem taka á undir golfvöll vegna stækkunarinnar er utan þessa svæðis á náttúruminjaskrá en allt svæðið er á hraunsvæði sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og því er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að öllu raski á hrauni beggja vegna Vatnsleysustrandarveggar verði haldið í lágmarki og að heildstæðar hraunmyndanir fái að halda sér. Að mati stofnunarinnar væri æskilegra að nýbyggingar eins og áhaldahús og skýli sem áætluð eru inni á náttúruminjasvæði og vegir að þeim, væru staðsettar sunnan vegar til að forðast meira rask en orðið er á svæði á náttúruminjaskrá.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun mælir með að nýjar byggingar áhaldahúss og skýlis verði byggðar upp sunnan Vatnsleysustrandavegar, þannig verður rask á ofangreindu náttúruminjasvæði haldið í lágmarki.

Virðingarfyllt


Olafur A Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

